4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

| | |
|---|---|
| Í I. flokki A | 100% |
| Í I. flokki B | 90% |
| Í II. flokki A | 70% |
| Í II. flokki B | 60% |
| Í III. flokki A | 50% |
| Í III. flokki B | 40% |

5. gr.

Samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1967, sbr. 12. gr. VI, er styrkupphæðin kr. 11 500 000.00 og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

| | |
|---|---|
| I. flokkur B | kr. 55.50 |
| II. flokkur A | — 43.00 |
| II. flokkur B | — 37.00 |
| III. flokkur A | — 31.00 |
| III. flokkur B | — 25.00 |

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1966 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 50 10. júlí 1964, öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. júní 1967.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*

25. maí 1967. Nr. 125.

# AUGLÝSING

## um stöðumæla í Reykjavík.

Settir hafa verið upp stöðumælar á bifreiðastæði á lóðinni nr. 120 við Laugaveg. Stöðugjald er 1 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur, en hámarksstöðutími er 60 mínútur í senn. Gjaldskylda er á sama tíma og verzlunum er almennt leyft að hafa opið.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 1967.*

**Sigurjón Sigurðsson.**